

Lagt fyrir fund velferðarráðs 15. október 2025

Fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins um samskipti við íbúa í nágrenni búsetuúrræðis fyrir heimilislausa á Hringbraut

Óskað er eftir upplýsingum um samskipti Reykjavíkurborgar við íbúa í nágrenni við búsetuúrræði fyrir heimilislausa við Hringbraut 121 og hvaða ráðstafanir borgin hefur gert til að koma til móts við íbúana. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um hvort stofnaður hafi verið starfs- eða stýrihópur um málið, og ef svo er, hvenær áætlað sé að hann skili af sér niðurstöðum, og þá hvert.

Greinargerð:

Heimilislausir einstaklingar með miklar og flóknar þjónustuparfir eiga rétt á viðeigandi, einstaklingsmiðaðri aðstoð og öruggu húsnæði. Reykjavíkurborg hefur á undanförunum árum stigið mörg jákvæð skref til að bæta þjónustu við þennan hóp. Mikilvægt er að borgin viðhaldi góðu samtali og virku samstarfi við nærsamfélag úrræða. Íbúar í nágrenni við Hringbraut 121 hafa bent á atriði sem betur mætti fara í samskiptum borgarinnar við nærsamfélagið. Því er mikilvægt að kjörnir fulltrúar fái greinargóðar upplýsingar um stöðu mála og hvers konar kvartanir hafa borist og hvaða aðgerðir hafa verið eða verða framkvæmdar til að efla traust og samvinnu við íbúa svæðisins.